

KJARASAMNINGUR

milli annars vegar

Félags ráðgjafarverkfræðinga

og hins vegar

Stéttarfélags verkfræðinga og Kjara-
félags Tæknifræðingafélags Íslands

desember 2004

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR	3
1.1 Samningsaðilar.....	3
1.2 Ráðningarsamningur.....	3
1.3 Vinnustaðasamningur.....	3
2. VINNUTÍMI	3
2.0 Heimildarákvæði.....	3
2.1 Dagvinna.....	4
2.2 Yfirvinna.....	4
3. VINNUSTAÐUR, AÐBÚNAÐUR, FERÐIR	4
3.0 Heimildarákvæði.....	4
3.1 Vinna og aðbúnaður.....	5
3.2 Fastur vinnustaður.....	5
3.3 Tímabundinn vinnustaður.....	5
3.4 Vinna á ferðalögum.....	6
3.5 Vinna erlendis.....	6
3.6 Afnot af eigin bifreið launþega.....	6
3.7 Farangurstrygging.....	7
4. ORLOF	7
4.1 Orlof eftir lögum.....	7
4.2 Orlofsfé.....	7
4.3 Um veikindi í orlofi.....	7
5. VEIKINDI – SLYS – FÆÐINGARORLOF	7
5.0 Heimildarákvæði.....	7
5.1 Læknisvottorð.....	7
5.2 Laun á veikindatíma.....	8
5.3 Fæðingarorlof.....	8
5.4 Sjúkrasjóður.....	8
6. TRYGGINGAR	8
7. RÉTTINDI OG SKYLDUR	10
7.1 Aðild að stéttarfélagi.....	10
7.2 Þagnarskylda.....	10
7.3 Framhaldsmenntun.....	10
8. LAUN, GREIÐSLUR O.FL.	10
8.0 Heimildarákvæði.....	10
8.1 Starfsaldur.....	10
8.2 Mánaðarlaun.....	11
8.3 Laun fyrir yfirvinnu.....	11
8.4 Lífeyrissjóðsiðgjöld.....	11
8.5 Gjald dagar.....	12
9. GILDISTÍMI O.FL.	12



1. INNGANGUR

1.1 Samningsaðilar

- 1.1.1 Aðilar að samningi þessum eru Félag ráðgjafarverkfræðinga (FRV) f.h. vinnuveitanda og Stéttarfélag verkfræðinga (SV) og Kjarafélag tækni-fræðingafélags Íslands (KTFÍ) f.h. starfsmanna.
- 1.1.2 Vinnuveitandi merkir í samningi þessum sérhvert fyrirtæki sem á aðild að FRV.
- 1.1.3 Starfsmaður merkir í samningi þessum sérhver félagsmaður í SV eða KTFÍ, sem er í þjónustu vinnuveitanda skv. grein 1.1.2, svo og aðrir þeir starfsmenn í þjónustu vinnuveitanda, sem uppfylla inntökuskilyrði þessara félaga, sbr. þó grein 7.1.1.

1.2 Ráðningarsamningur

- 1.2.1 Gera skal skriflegan ráðningarsamning strax við upphaf ráðningartíma. Ráðningarsamningur merkir í samningi þessum samkomulag vinnuveitanda og starfsmanns eins og það er á hverjum tíma um ráðningu starfsmanns, vinnustað, starfssvið, mánaðarlaun og annað það, er varðar kjör og aðbúnað starfsmannsins. Kjarasamningur þessi telst hluti slíks ráðningarsamnings. Ákvæði í ráðningarsamningi um lakari kjör en felast í kjarasamningi eru ógild.
- 1.2.2 Gagnkvæmur uppsagnarfrestur ráðningarsamnings er þrjú mánuðir. Fyrstu þrjú mánuði ráðningartíma er gagnkvæmur uppsagnarfrestur þó ein vika.
- 1.2.3 Kjarasamningur þessi raskar ekki ákvæðum í gildandi ráðningarsamningum eða vinnustaðarsamningum um betri réttarstöðu en felast í ákvæðum kjarasamningsins.

1.3 Vinnustaðasamningur

- 1.3.1 Vinnustaðasamningur merkir í samningi þessum samkomulag vinnuveitanda og samtaka starfsmanna á vinnustöðum, í samningi þessum nefnd vinnustaðahópur, um kjör og aðbúnað starfsmanna sem eru aðilar að vinnustaðahópnum, enda brjóti ákvæði vinnustaðasamnings ekki í bága við lög um réttindi launþega.

2. VINNUTÍMI

2.0 Heimildarákvæði

- 2.0.1 Heimilt er að víkja frá ákvæðum 2. kafla í vinnustaðasamningi og gilda ákvæði vinnustaðasamningsins þá framfar ákvæðum kjarasamnings þessa fyrir þá starfsmenn sem eru aðilar að vinnustaðasamningnum.

2.1 Dagvinna

- 2.1.1 Vinnudagur merkir í samningi þessum sérhvern virkan dag annan en laugardag.
- 2.1.2 Dagvinna er 38 klst. á viku.
- 2.1.3 Dagvinna skal unnin á þeim tíma, sem samkomulag er um á hverjum vinnustað. Hún skal að jafnaði unnin á vinnudögum á tímabilinu kl. 8:00 - 17:00.
- 2.1.4 Frídagar eru:
1. Nýársdagur
 2. Skírdagur
 3. Föstudagurinn langi
 4. Annar í páskum
 5. Sumardagurinn fyrsti
 6. 1. maí
 7. Uppstigningardagur
 8. Annar í hvítasunnu
 9. 17. júní
 10. Frídagur verslunarmanna
 11. Aðfangadagur jóla
 12. Jóladaur
 13. Annar í jólum
 14. Gamlársdagur
- 2.1.5 Matartími skal vera hvern vinnudag 30-60 mínútur á tímabilinu kl. 11:30 - 13:30 og telst hann ekki til vinnutíma.
- 2.1.6 Kaffitími skal vera 15 mín. hvern vinnudag síðdegis og telst hann til vinnutíma.
- 2.1.7 Skemmri vinnuskylda en 38 klst. á viku telst hlutastarf samkvæmt samningi þessum.

2.2 Yfirvinna

- 2.2.1 Öll vinna umfram dagvinnu telst yfirvinna.
- 2.2.2 Mæli vinnuveitandi fyrir um yfirvinna, sem ekki er í beinum tengslum við reglubundinn vinnutíma, skal reikna 3 klst. hið minnsta. Undanþegin er þó sú vinna, sem starfsmaður ákveður sjálfur hvenær unnin er.
- 2.2.3 Mæli vinnuveitandi fyrir um yfirvinna, sem nemur meiru en 3 klst. á sólarhring, skal veita einnar klst. matarhlé. Fari slík yfirvinna fram úr 10 klst. á sólarhring skal til viðbótar veita einnar klst. matarhlé. Slík matarhlé teljast til vinnutíma. Þessi ákvæði gilda ekki ef ákvörðun um yfirvinna er einungis í höndum starfsmanns.

3. VINNUSTAÐUR, AÐBÚNAÐUR, FERÐIR

3.0 Heimildarákvæði

- 3.0.1 Heimilt er að víkja frá ákvæðum 3. kafla í vinnustaðasamningi og gilda ákvæði vinnustaðasamningsins þá framfar ákvæðum kjarasamnings þessa fyrir starfsmenn sem eru aðilar að vinnustaðasamningnum.

3.1 Vinna og aðbúnaður

- 3.1.1 Vinna starfsmanns skiptist í vinnu á föstum vinnustað, vinnu á tíma-
bundnum vinnustað og vinnu á ferðalögum.
- 3.1.2 Aðbúnaður á vinnustað skal vera í samræmi við lög og reglugerðir um
aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum. Þar sem sérstök hlífðarföt
eða öryggisbúnaður er nauðsynlegur skal starfsmanni séð fyrir slíku að
kostnaðarlausu. Hlífðarföt og öryggisbúnaður skal vera í eigu vinnuveit-
anda.
- 3.1.3 Verði starfsmaður sannanlega fyrir tjóni á algengum nauðsynlegum
fatnaði eða munum við vinnu, s.s. úrum, gleraugum o.fl., skal vinnu-
veitandi bæta honum tjónið skv. mati. Náist ekki samkomulag, skal far-
ið eftir mati eins fulltrúa frá hvorum aðila kjarasamningsins. Tjón verður
einungis bætt ef það verður vegna óhapps á vinnustað. Ekki skal bæta
tjón sem rakið er til gáleysis eða hirðuleysis starfsmanns.

3.2 Fastur vinnustaður

- 3.2.1 Fastur vinnustaður telst í samningi þessum sá vinnustaður, sem er
meginvettvangur fyrir vinnu starfsmanns samkvæmt ráðningarsam-
ningi.

3.3 Tímabundinn vinnustaður

- 3.3.1 Sé starfsmaður settur til vinnu á öðrum vinnustað en föstum vinnustað
um stundarsakir, þó ekki skemur en 1 mánuð, telst slíkur vinnustaður
tímabundinn vinnustaður samkvæmt samningi þessum.
- 3.3.2 Vinnuveitandi skal greiða kostnað sem starfsmaður verður fyrir vegna
vinnu á tímabundnum vinnustað. Uppgjör kostnaðar skal miðast við
greinar 3.3.2.1 - 3.3.2.3.
- 3.3.2.1 a) Vinnuveitandi leggur starfsmanni til endurgjaldslaust fullnægj-
andi íbúðaraðstöðu fyrir hann og fjölskyldu hans og ber kostnað af
ferðum fjölskyldu og flutningi búslóðar við upphaf og lok samfelldrar
vinnu á tímabundna vinnustaðnum. Ferðir teljist til vinnutíma
starfsmannsins.
- Eða:**
- b) Vinnuveitandi leggur starfsmanni til endurgjaldslaust gistaðstöðu
að jafnaði í einstaklingsherbergi með aðgangi að viðunandi snyrti-
aðstöðu, baði og sameiginlegri setustofu, greiðir venjulegan fæðis-
kostnað starfsmannsins og sér honum fyrir fríum ferðum í vinnu-
tíma til og frá heimili minnst aðra hverja viku. Ekki skal vera
skemmra á milli ferða til og frá heimili en 48 klst.
- Eða:**
- c) Vinnuveitandi sér starfsmanni fyrir daglegum fríum ferðum í
vinnutíma frá og til heimilis og greiðir venjulegan fæðiskostnað.
- 3.3.2.2 Vinnuveitandi skal greiða starfsmanni mánaðarlega staðaruppbót,
sem telst hæfilegt endurgjald fyrir aukinn kostnað við öflun lífs-
nauðsynja og röskun búsetu.

- 3.3.2.3 Sé tímabundinn vinnustaður utan fastrar byggðar s.s. við framkvæmdir á hálendi Íslands eða hliðstætt, ber vinnuveitanda og starfsmanni að gera skriflegan samning sín á milli um staðaruppbót o.fl. Í slíkum samningi skal að lágmarki kveðið á um eftirfarandi:
- a) Tímalengd verkefnis
 - b) Vinnutilhögun starfsmanns
 - c) Launaauka til starfsmanns (staðaruppbót)
 - d) Tíðni ferða til og frá heimili starfsmanns.
- 3.3.2.4 Starfsmaður og vinnuveitandi skulu semja fyrirfram um greiðslu kostnaðar skv. framanskráðu og er heimilt að víkja frá reglunum, t.d. á þann hátt að starfsmaður beri sjálfur kostnað af ferðum og/-eða dvöl gegn umsömdu föstu gjaldi eða mánaðarlegri greiðslu.

3.4 Vinna á ferðalögum

- 3.4.1 Vinna starfsmanns utan fasts eða tímabundins vinnustaðar telst vinna á ferðalagi.
- 3.4.2 Vinnuveitandi endurgreiðir starfsmanni útlagðan kostnað vegna far-seðla, fæðis, gistingar o.þ.u.l. samkvæmt reikningi.
- 3.4.3 Vinnuveitandi greiði fjarvistargjald 1.0% af mánaðarlaunum viðkomandi starfsmanns fyrir hverja nótt sem fjarvist varir.
- 3.4.4 Nú er fullnægjandi gistiaðstaða ekki fyrir hendi fyrir starfsmann á ferðalagi og ber þá vinnuveitandi allan kostnað vegna úrbóta.
- 3.4.5 Ferðatími telst til vinnutíma. Ferðatími utan dagvinnutíma telst yfirvinna nema um annað hafi verið samið fyrirfram.
- 3.4.6 Sé fyrirsjáanlegt að starfsmaður þurfi að leggja út verulegt fé til greiðslu ferðakostnaðar, á hann rétt á fyrirframgreiðslu upp í áætlaðan ferðakostnað.
- 3.4.7 Heimilt er að semja um aðra tilhögun á greiðslu ferðakostnaðar en að framan greinir (t.d. dagpeningagreiðslur).

3.5 Vinna erlendis

- 3.5.1 Sé starfsmaður sendur til starfa erlendis skal semja sérstaklega um greiðslu ferða- og upphaldskostnaðar með hliðsjón af því sem segir hér fyrir framan.

3.6 Afnot af eigin bifreið launþega.

- 3.6.1 Verði samkomulag um að starfsmaður noti eigin bifreið við störf sín, skal vinnuveitandi greiða honum fyrir slík afnot.
- 3.6.2 Greiða skal kílómetragjald, sem eigi sé lægra en taxti sem ákveðinn er af aksturskostnaðarnefnd ríkisins, eins og hann er hverju sinni. Engin einstök ferð reiknist skemmri en 10 km. Ferð sem er lengri en 5 km. allt að 20 km. reiknist 20 km.
- 3.6.3 Hafi starfsmaður bifreið til taks á vinnustað að staðaldri að ósk vinnuveitanda, skal greiða starfsmanni fast mánaðargjald fyrir slíkt. Einnig er heimilt að semja um mánaðarlega þóknun fyrir reglubundin afnot starfsmanns af eigin bifreið í þágu vinnuveitanda.

3.7 Farangurstrygging

- 3.7.1 Í tengslum við ferðalög í þágu vinnuveitanda er starfsmanni heimilt að kaupa venjubundna tryggingu fyrir farangur sinn á kostnað vinnuveitanda sé farangur hans ekki tryggður á annan hátt.

4. ORLOF

4.1 Orlof eftir lögum

- 4.1.1 Um orlof fer að landslögum, og er orlofsréttur nú 24 vinnudagar á ári.
- 4.1.2 Starfsmaður sem náð hefur 32 ára aldri á því almanaksári sem tímabil sumarorlofs tilheyrir, fær að auki orlof sem svarar til þriggja vinnudaga á ári. Við 40 ára aldur fær hann enn að auki orlof sem svarar til þriggja vinnudaga á ári.

4.2 Orlofsfé

- 4.2.1 Starfsmaður nýtur óskertra mánaðarlauna í orlofi, enda hafi hann verið í þjónustu vinnuveitanda í fullu starfi allt síðasta orlofsári.
- 4.2.2 Hafi starfsmaður verið í hlutastarfi á síðasta orlofsári eða unnið fullt starf hjá vinnuveitanda aðeins hluta orlofsársins, greiðast laun í orlofi hlutfallslega við unnar dagvinnustundir á móti öllum dagvinnustundum á síðasta orlofsári.
- 4.2.3 Hætti starfsmaður störfum hjá vinnuveitanda skal greiða honum laun fyrir ónýttan orlofsrétt, þar með talinn hlutfallslegan áunnin rétt á yfirstandandi orlofsári.
- 4.2.4 Vinnuveitandi greiðir orlofsfé 11,2% á laun fyrir yfirvinnu.

4.3 Um veikindi í orlofi

- 4.3.1 Sanni starfsmaður með læknisvottorði, að hann hafi ekki getað notið orlofs á tilskyldum tíma vegna veikinda skulu slíkir veikindadagar ekki teljast orlofsdagar.

5. VEIKINDI – SLYS – FÆÐINGARORLOF

5.0 Heimildarákvæði

- 5.0.1 Heimilt er að víkja frá ákvæðum 5. kafla í vinnustaðasamningi og gilda ákvæði vinnustaðasamningsins þá framur ákvæðum kjarasamnings þessa fyrir starfsmenn sem eru aðilar að vinnustaðasamningnum.

5.1 Læknisvottorð

- 5.1.1 Ef starfsmaður veikist eða verður fyrir slysi og getur af þeim sökum eigi sótt vinnu, skal hann þegar tilkynna það vinnuveitanda sínum, sem ákveður hvort læknisvottorðs verður krafist, sem vinnuveitandi skal þá greiða.

5.2 Laun á veikindatíma

- 5.2.1 Í skilningi þessarar greinar merkja laun mánaðarlaun og aðrar reglubundnar greiðslur til starfsmanns samkvæmt ráðningarsamningi.
- 5.2.2 Starfsmaður heldur fullum launum svo lengi sem fjarvistir vegna veikinda eða slysa taldar í vinnudögum verða ekki fleiri en 60 á hverjum 12 mánuðum. Fjarvistardagar umfram 60 reiknast á hálfum launum, þó ekki umfram 60 vinnudaga á hverjum 12 mánuðum. Eftir 10 ára starf hjá sama vinnuveitanda hækkar hvort 60 daga tímabil í 90 daga, og eftir 15 ára starf í 120 daga. Eftir 20 ára starf heldur starfsmaður fullum launum í 240 daga. Fyrstu 6 mánuði í starfi hjá sama vinnuveitanda greiðast þó ekki full laun fyrir fjarvistir umfram 30 vinnudaga og hálf laun í allt að 30 vinnudaga til viðbótar.
- 5.2.3 Starfsmanni er heimilt að nota allt að 7 fjarvistardögum skv. gr. 5.2.2 vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri enda verði annarri umönnun ekki við komið. Eftir eins árs starf hjá sama vinnuveitanda er starfsmanni með sama hætti heimilt að verja allt að 10 vinnudögum til hins sama.
Réttur skv. 1. mgr. nær einnig til fósturforeldris eða forráðamanns sem er framfærandi barns og kemur í stað foreldris.
- 5.2.4 Sé framantöldum háþörkum náð, fellur launagreiðsla með öllu niður til starfsmanns, uns hann hefur störf á ný.
- 5.2.5 Hafi starfsmaður náð 2 ára starfsaldri við nýráðningu, er heimilt að semja um frávík frá framantöldum aldursmörkum t.d. að hann njóti strax að þremur mánuðum loknum sama réttar og sá sem á eins árs starf að baki hjá sama vinnuveitanda.
- 5.2.6 Að því marki, sem lög kveða á um rýmri rétt til launa í veikinda eða slysatilvikum, t.d. lög nr. 19/1979 njóta starfsmenn réttar skv. þeim.

5.3 Fæðingarorlof

- 5.3.1 Um fæðingarorlof starfsmanns sem foreldris fer að lögum (nú lög nr. 95/2000).
- 5.3.2 Áunninn réttur starfsmanns samkvæmt eldri kjarasamningi um að greiðslur í fæðingarorlofi verði aldrei lægri en föst mánaðarlaun viðkomandi skerðist ekki. Náí greiðsla úr fæðingarorlofssjóði ekki föstum mánaðarlaunum starfsmannsins skal vinnuveitandi greiða það sem á vantar.

5.4 Sjúkrasjóður

- 5.4.1 Vinnuveitandi skal greiða í sjúkrasjóði SV og KTFÍ 1% af heildarlaunum þeirra starfsmanna sem sannanlega eiga aðild að viðkomandi stéttarfélagum.

6. TRYGGINGAR

- 6.1.1 Vinnuveitandi skal kaupa slysatryggingu vegna starfsmanns samkvæmt gildandi almennum skilmálum um atvinnuslysatryggingar launþega hjá Sambandi íslenskra tryggingarféлага.

- 6.1.2 Trygging skal taka gildi þegar launþegi hefur störf hjá vinnuveitanda og fellur úr gildi um leið og hann hættir störfum. Tryggingin skal gilda allan sólarhringinn.
- 6.1.3 Nú er starfsmaður sjálfur aðili að tryggingu, sem veitir honum sambærilegan rétt og trygging samkvæmt samningi þessum og er honum þá heimilt að semja við vinnuveitanda um að iðgjöld vegna slysaftryggingar gangi til greiðslu iðgjalda þeirrar tryggingar, sem þá komi í stað umsaminnar slysaftryggingar.
- 6.1.4 Verði vinnuveitandi skaðabótaskyldur gagnvart starfsmanni, sem slysaftryggður er skv. samningi þessum, skulu slysabætur, sem greiddar kunna að verða starfsmanni skv. ákvæðum samnings þessa, koma að fullu til frádráttar þeim skaðbótum, er vinnuveitanda kann að verða gert að greiða.
- 6.1.5 Tryggingarfjárhæðir verði endurskoðaðar fjórum sinnum á ári og hækki þá til jafns við hækkun vísitölu neysliverðs síðasta samfellda 3ja mánaða tímabil á undan.
- 6.1.6 Dánarbætur vegna hvers einstaklings, ef slys veldur dauða skulu vera sem segir í töflu í grein 6.1.8.
1. Ef hinn látni var ógiftur og lætur ekki eftir sig barn innan 17 ára aldurs og hefur ekki séð fyrir öldruðu foreldri 67 ára og eldri A kr.
 2. Ef hinn látni var ógiftur en lætur eftir sig barn (börn) undir 17 ára aldri og/eða hefur sannanlega séð fyrir foreldri eða foreldrum (67 ára eða eldri) B kr.
 3. Ef hinn látni var giftur, í staðfestri samvist eða í skráðri óvígðri sambúð bætur til maka C kr.
 4. Ef hinn látni lætur eftir sig barn (kjörbarn, fósturbarn) innan 17 ára aldurs, fyrir hvert barn D kr.
- Bætur greiðast aðeins skv. einum af töluliðum nr. 1, 2 eða 3. Til viðbótar töluliðum nr. 2 og nr. 3 geta komið bætur skv. tölulið 4.
- 6.1.7 Valdi slys þeim, sem tryggður er varanlegri örorku innan þriggja ára frá því að slysið varð, greiðast bætur á grundvelli þeirrar upphæðar, sem í gildi var á slysdegi og tilgreind er E kr. í töflu í 6.1.8 eftir þeim reglum, sem að neðan greinir. Bætur vegna varanlegrar örorku greiðast í hlutfalli við váttryggingarfjárhæðina, þó þannig að hvert örorkustig frá 26-50% verkar tvöfalt og hvert örorkustig frá 51-100% verkar þrefalt. Bætur við 100% varanlega örorku verða því 225% af örorkubótafjárhæðinni, sem getið er um í 6.1.8.
- 6.1.8 Váttryggingarfjárhæðir A,B,C og D í grein 6.1.6 og E í grein 6.1.7 séu sem hér segir miðað við vísitölu neysliverðs 202,8 stig í febrúar 2001.

A	1.506.492
B	4.368.830
C	5.574.025
D	1.205.194
E	6.809.348

7. RÉTTINDI OG SKYLDUR

7.1 Aðild að stéttarfélagi

- 7.1.1 Stéttarfélögin viðurkenna rétt eiganda til þess að standa utan stéttarfélaga. Vinnuveitandi samþykkir að ráða ekki til sín aðra starfsmenn sbr. grein 1.1.3, en þá sem eru félagar í stéttarfélagunum, nema samþykki stjórnar viðkomandi félags komi til, enda veiti félagið inngöngu þeim starfsmönnum sem eiga von á vinnu eða eru í vinnu hjá vinnuveitanda.
- 7.1.2 Vinnuveitandi tilkynnir viðkomandi stéttarfélagi um ráðningu nýrra starfsmanna, svo og þegar launþegi lætur að störfum.
- 7.1.3 Eigandi samkvæmt grein 7.1.1 telst vera hver sá starfsmaður FRV-fyrirtækis sem jafnframt
- a) ber ótakmarkaða ábyrgð á rekstri þess sem einn eigenda, eða
 - b) ber takmarkaða ábyrgð á rekstri þess sem einn eigenda/hluthafa enda sé meðaleignarhlutur hans í fyrirtækinu minnst 40% af meðaleignarhlut í fyrirtækinu og minnst 8% af eignarhlut þess eiganda sem á stærstan hlut í fyrirtækinu hvor mörkin sem hærrí eru, enda hafi eigandi starfað í full 8 ár í starfsgrein sinni.

7.2 Þagnarskylda

- 7.2.1 Starfsmanni er skylt að gæta þagmælsku um atriði, er hann fær vitneskju um í starfi og leynt skulu fara skv. fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt kjarasamningi sé sagt upp eða látið sé af starfi.

7.3 Framhaldsmenntun

- 7.3.1 Árlega skal starfsmaður eiga rétt á að verja allt að 10 vinnudögum á fullum dagvinnulaunum til að sitja ráðstefnur, fræðslufundi, fyrirlestra og námskeið og til annarrar skipulagðrar framhaldsmenntunar í fagi sínu og skal þeim tíma varið í samráði við vinnuveitanda.
- 7.3.2 Að jafnaði skal vinnuveitandi greiða beinan útlagðan kostnað starfsmanns af setu á ráðstefnum, námskeiðum og því um líku, innan ofanritaðra marka.

8. LAUN, GREIÐSLUR O.FL.

8.0 Heimildarákvæði

- 8.0.1 Heimilt er að víkja frá ákvæðum 8. kafla í vinnustaðasamningi og gilda ákvæði vinnustaðasamningsins þá frammar ákvæðum kjarasamnings þessa fyrir starfsmenn sem eru aðilar að vinnustaðasamningnum.

8.1 Starfsaldur

- 8.1.1 Starfsaldur reiknast í heilum árum sem tími sá, sem liðinn er frá loka-prófmánuði að frádregnum þeim tíma, sem starfsmaðurinn hefur unnið önnur störf en í starfsgrein sinni. Við lok M.Sc. prófs eða sambærilegs prófs telst starfsaldur vera a.m.k. 2 ár.

8.2 Mánaðarlaun

- 8.2.1 Mánaðarlaun í skilningi samnings þessa eru jafnaðargreiðsla launa fyrir dagvinnu í einn mánuð.
- 8.2.2 Mánaðarlaun skulu ákveðin með hliðsjón af starfsaldri, starfsreynslu og sérþekkingu starfsmannsins og þeirri ábyrgð sem fylgir starfi hans.
- 8.2.3 Mánaðarlaun skulu tekin til endurmats, þegar veruleg breyting verður á starfssviði og/eða ábyrgð starfsmannsins og slík breyting nær til lengri tíma en hálfis annars mánaðar, og annars þegar sérstök ástæða þykir til.
- 8.2.4 Um laun skal semja í ráðningar- eða vinnustaðasamningi.

Álag skal greiða fyrir störf sem krefjast mikillar ábyrgðar og/eða fagþekkingar.

Eftirfarandi starfssvið (starfsheiti) flokkast að jafnaði til starfa sem greiða skal álag fyrir:

Sérfræðingur
Verkefnisstjóri
Yfirverkfræðingur
Framkvæmdastjóri

- 8.2.5 Laun samkvæmt samningi þessum skulu hækka á samningstímanum sem hér segir:

4,9% frá og með 1. janúar 2005 að telja.

5,1% frá og með 1. janúar 2006 að telja.


4,9% frá og með 1. janúar 2007 að telja.

8.3 Laun fyrir yfirvinnu

- 8.3.1 Yfirvinna skal greidd með tímakaupi fyrir hverja vinnustund umfram dagvinnu.
- 8.3.2 Tímakaup fyrir yfirvinnu er 1.0385% af mánaðarlaunum starfsmanns.
- 8.3.3 Semja má um fasta mánaðarlega þóknun fyrir yfirvinnu, enda sé þóknunin miðuð við raunhæft mat yfirvinnustunda.

8.4 Lífeyrissjóðsiðgjöld

- 8.4.1 Lífeyrissjóðsiðgjöld skulu nema 10% af stofni skv. 8.4.4 og reiknast í heilum krónum.
- 8.4.2 Vinnuveitandi greiðir 60% iðgjaldsins en heldur 40% þess eftir af launum viðkomandi starfsmanns.
- 8.4.3 Vinnuveitandi greiðir lífeyrissjóðsiðgjöld vegna félaga í SV í Lífeyrissjóð verkfræðinga og vegna félaga í KTFÍ í Almenna lífeyrissjóðinn eða í aðra starfandi lífeyrissjóði sem vinnuveitandi og starfsmaður verða ásáttir um.
- 8.4.4 Stofn lífeyrissjóðsiðgjalda er mánaðarlaun viðkomandi starfsmanns. Auk iðgjalds á stofn greiði starfsmaður 4,0% og vinnuveitandi 6,0% af launum fyrir yfirvinnu til lífeyrissjóðs.



8.4.5 Í þeim tilfellum er starfsmaður leggur til 2% viðbótarframlag í séreignar-
sjóð greiðir vinnuveitandi 2% mótframlag í viðkomandi sjóð.

8.5 Gjalddagar

8.5.1 Laun og aðrar greiðslur til starfsmanns samkvæmt samningi þessum
greiðist eftir á, 1. vinnudag hvers mánaðar.

8.5.2 Útlagt fé starfsmanns á ferðalögum vegna vinnuveitanda eða annars
greiðist við framvísun reikninga, sbr. einnig grein 3.4.6.

8.5.3 Heimilt er að fresta uppgjöri á óreglubundnum greiðslum til allt að 10.
hvers mánaðar.

9. GILDISTÍMI O.FL.

9.1.1 Kjarasamningur þessi gildir frá og með 1. janúar 2005.

9.1.2 Kjarasamningurinn gildir til ársloka 2007.

9.1.3 Samningur þessi kemur í stað kjarasamnings FRV við Stéttarfélag
verkfræðinga og Kjarafélag Tæknifræðingafélags Íslands, dags. 4. feb-
rúar 2004.


9.2.1 Verði gildandi kjarasamningum á almennum vinnumarkaði almennt
sagt upp vegna verðlagsþróunar er samningur þessi uppsegjanlegur
árið 2006. Uppsögn skal ákveða fyrir 17. desember það ár og telst
samningurinn þá vera laus frá næstkomandi áramótum að telja.

Reykjavík, 3. desember 2004

Með fyrirvara um samþykki félags-
funda Stéttarfélags verkfræðinga og
Kjarafélags Tæknifræðingafélags
Íslands




Eysteinn Einarsson (SV)




Jónas Már Gunnarsson (SV)




Ragnar Hauksson (SV)



Árni Guðni Einarsson (KTFÍ)



Logi Friðriksson (KTFÍ)




Sævar Þór Ólafsson (KTFÍ)


Með fyrirvara um samþykki fulltrúa-
ráðs Félags ráðgjafarverkfræðinga



Helgi S. Gunnarsson



Kristinn Eiríksson



Skapti Valsson